

Kennari:

Aðalheiður Ósk, Líska Mjöll, Bryndís Ósk, Kristín Björk og Sigríður Heiða

Kennslufyrirkomulag:

Sjálfstætt val, hópavinna og félagsþjálfun

Tímafjöldi:

2 kennslustundir

Bekkur:

1. og 2. bekkur

Stapamix - Frjáls leikur

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Börnum er leikur sjálfsprottin leið til náms- og þroska. Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í grunnskóla.

Með sameiginlegum frjálsum leik nemenda í 1. og 2. bekk leggjum við áherslu á að nemendur fái að njóta sín á sínum forsendum í frjálsum leik, þjálfí félagsfærni sína sem og samvinnu og þátttöku með öðrum nemendum.

Stapamix – Frjáls leikur

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Samskipti Samvinna Félagsfærni Hópavinna	Námsefni er fjölbreytt og fer eftir hvaða áhugasvið nemandi velur sér hverju sinni.	<ul style="list-style-type: none"> - þjálfí samskipti við félag - tengi áhugasvið sitt við námið - geti unnið út frá eigin styrkleikum - geti sýnt virðingu og jákvæð samskipti í leik 	Samræður milli nemenda og/eða kennara Hópavinna sjálfstætt val
Námsmat:	Þátttaka nemenda, samvinna, hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága